

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 1120/2007, um björgunarbáta sem gerðir eru út frá landi.

1. gr.

1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Bolur björgunarbáta úr hörðum efnum, s.s. tré, stáli, áli eða trefjaplasti, skal smíðaður skv. reglum um smíði vinnubáta af sömu stærð.

2. gr.

8. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Fríborð og stöðugleiki björgunarbáta skal uppfylla reglur um smíði vinnubáta af sömu stærð.

Þegar björgunarbátur allt að 8 m að lengd er hlaðinn helmingi af heildarfjölda þeirra manna sem bátnum er ætlað að bera, sitjandi á þeim stöðum sem þeim eru ætlaðir annars vegar miðlínu, skal fríborð þeim megin mælt frá vatnslínu að efri brún þilfars, flothylkja eða slangna vera minnst 1,5% af mestu lengd, þó aldrei minna en 100 mm.

3. gr.

10. gr. reglugerðarinnar fellur brott.

4. gr.

11. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Vélbúnaður og tengd kerfi björgunarbáta skulu uppfylla reglur um smíði vinnubáta af sömu stærð. Þó er heimilt að nota utanborðsbensín vél.

5. gr.

15. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Austur- og slökkvibúnaður björgunarbáta skulu uppfylla kröfur í reglum um smíði vinnubáta af sömu stærð.

6. gr.

1. mgr. 16. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Rafbúnaður björgunarbáta skal uppfylla reglur um smíði vinnubáta af sömu stærð.

7. gr.

19. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Legufæri björgunarbáta skulu uppfylla reglur um smíði vinnubáta af sömu stærð.

8. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 2. mgr. 24. gr. skipalaga, nr. 66/2021, öðlast þegar gildi.

Innviðaráðuneytinu, 30. maí 2023.

Sigurður Ingi Jóhannsson.

Hermann Sæmundsson.

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá siðarnefndi ráða.